

Sp.

69. Tillaga til þingsályktunar

[64. mál]

um bættu lækniþjónustu í strjálbýli.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Sigurvin Einarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að athuga möguleika á því að fá lækna frá nálægum löndum, og þá fyrst og fremst hinum Norðurlöndunum, til þess að gegna um lengri eða skemmri tíma lækniþjónustu í einstökum læknishéruðum hér á landi, sem nú eru læknislaus.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, veldur læknisleysi í mörgum læknishéruðum nú miklu öryggisleysi og raunar hreinu öngþveiti í heilbrigðismálum ýmissa landshluta. Samtals eru nú 12 læknishéruð læknislaus. Hefur heilbrigðisstjórnin leitað ýmissa úrræða til þess að bæta úr þessu vandræðaástandi, en orðið lítið ágengt.

Við svo búið má ekki standa. Þess vegna hefur sú hugmynd komið fram, að reynandi sé að fá lækna frá nágrannalöndunum, og þá fyrst og fremst frá hinum Norðurlöndunum, til þess að gegna hér störfum um lengri eða skemmri tíma. Vel má vera, að til þess mundu ekki margir fúsir. En ekki virðist það þó með öllu útilokað, að einstakir lækna hefðu áhuga á slíkri tilbreytingu. Vitað er, að bæði í Noregi og Svíþjóð hafa lækna tekið að sér þjónustu í afskekktum héruðum um takmarkaðan tíma, einungis í mannúðarskyni.

Íslenska ríkið yrði að sjálfsögðu að greiða þeim erlendu læknum, sem hingað kynnu að koma til starfa, ferðakostnað og rifleg laun. Kjarni málsins er, að einskis má láta ófreistað til úrbóta á því vandræðaástandi, sem nú ríkir í heilbrigðismálum margra héraða og landshluta hér á landi. Það ástand er þjóðinni til vansæmdar. Þess vegna er þessi tillaga flutt.